

um framkvæmdaratriði í raforkudreifingu.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að þess verði vandlega gætt við dreifingu raforkunnar út um byggðir landsins, að hvarvetna verði lagðar þrífasa línur, einnig heim á hin einstöku býli.

Þeim rafmagnsleiðslum, sem þegar hafa verið lagðar út um sveitir og ekki eru af þeirri gerð, skal breytt í þrífasa línur svo fljótt sem kostur er.

Sérstök áherzla sé lögð á útvegum þrífasa hreyfla.

Greinargerð.

Þegar ákveðið var að leiða raforkuna út um sveitir landsins, gerðu menn sér vonir um, að það yrði gert á þann hátt, að raforkan kæmi að fullum notum fyrir þá, er hennar ættu að njóta, eftir því sem þarfir neytendanna heimtuðu og ástæður þeirra leyfðu.

Um það bil, er byrjað var að leggja raforkulínurnar út um héruð, voru samþykktar gjaldskrár í hinum einstöku sýslufélögum, er ákváðu, hvaða gjald hin einstöku býli skyldu greiða upp í kostnaðinn við dreifingu raforkunnar. Þá skyldu þau og greiða sérstakt gjald, ákveðna upphæð fyrir hvert býli, og auk þess annast allan kostnað af lögnum innanhúss. Gert var ráð fyrir, að gerð þessara leiðslna allra væri þannig frá byrjun, að þeirra vegna væri hægt að hafa raforkunnar full not til allra heimilisþarfa, án þess að leggja þyrfti af hálfu notendanna í sérstakan aukakostnað við breytingu á rafleiðslum eða kaup á nýjum rafhreyflum af annarri gerð en upphaflega var hægt að nota, sakir gerðar rafleiðslnanna heim á bæina og leiðsla innanhúss, ef raforkunotin yrðu miklu meiri en í fyrstu.

Nú mun á síðastliðnu sumri hafa komið til orða, að leggja einfasa raflínur heim á hin einstöku sveitabýli og nota einfasa hreyfla á bæjunum. Og jafnvel mun eitthvað byrjað á því að leggja línur af þessari gerð heim á sveitabýli. Er þessi ráðstöfun gerð sakir þess, að stofnkostnaður raflagnanna er nokkru lægri upphaflega heldur en ef fullkornari línur eru lagðar, þrífasa línur, en við þær eru þrífasa hreyflar notaðir. Einfasa hreyflar eru miklu dýrari en þrífasa, ekki eins endingargóðir að kunnáttumanna sögn eins og þrífasa, og mun það nokkuð stafa af því, að mönnum hættir til að leggja of mikið á hreyflana, vegna þess að þeir eru ekki keyptir eins stórir og helzt þyrfti að vera sakir dýrleika þeirra. Talið er og, að torvelt muni um útvegum þeirra, vegna þess að þrífasa kerfið er víðast hvar notað í nágrannalöndum vorum. Hins vegar mun einfasa gerðin mikið notuð í Ameríku.

Nú munu bændur yfirleitt hugsa sér að koma á hjá sér súgþurrkun á heyi svo fljótt sem þeim er mögulegt, þegar þeir fá raforkuna. Til þess að hreyfa heyblásarana þarf stóra hreyfla, frá 10 ha. upp í 15 ha. a. m. k., og jafnvel enn kraftmeiri. Ég hygg, að erfitt kunni að reynast að útvega svo stóra einfasa hreyfla, og rándýrir verða þeir, ef þeir fást, og helzt mundu þeir þá fást í Bandaríkjunum. Og hvornig er þá útlitið með gjaldeyri hjá oss Íslendingum til að stofna til stórfelldra kaupa frá því landi?

Þó að byrjað yrði á að leggja einfasa línur heim á bæina og nota einfasa hreyfla á heimilunum, mætti búast við því, að fljótlega yrði að bæta línu við og kaupa þrífasa hreyfla. En með þessu fyrirkomulagi yrði þetta verk allt miklu dýrara en ef upphaflega væru lagðar þrífasa línur.

Ég hygg, að það orki ekki tvímælis, að bezt muni þegar frá byrjun að hafa framkvæmd þessa verks á þann veg, að menn geti haft raforkunnar full not með skaplegu móti, þó að það verði í fyrstu nokkru dýrara. Það eitt er víst, að bændur inunu eindregið kjósa, að framkvæmd þessa verks verði hagað á þann veg, að þeir geti frá byrjun notað raforkuna til meira og betra öryggis í búskap sínum við öflun fóðurs fyrir búpening sinn. Sá sparnaður, sem í fyrstu mundi af því leiða að hafa einfasa kerfi fremur en þrífasa, er litils virði, þegar á það er litið, hvað miklu meira öryggi og meiri not er fengið með þrífasa kerfinu, og vafalaust mundi þrífasakerfinu komið á hvort sem er innan nokkurrar stundar.

Allra hluta vegna mun bezt, að engin vixlspor séu stigin við framkvæmd þessara mála. Er þess að vænta, að Alþingi og ríkisstjórn hafi fulla forsjá um þetta þýðingarmikla framfaramál.